

Fundur í skólaráði miðvikudaginn, 25. nóv. 2020

Fundurinn haldinn í kaffistofu Gamla skóla kl. 16.15 -17.30

Mættir; Ágústa Berg fulltrúi leikskólastarfsfólks, Guðrún Ásta fulltrúi grunnskólaskennara, Hanna Christel fulltrúi foreldra grunnskóla, Katla Rut fulltrúi foreldra leikskóla, Linda Rós Vest fulltrúi nemenda og Þórunn Hrund skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Þórunn Hrund

1. Starfsemi skólaráðs. Fundarmenn fengu afhenta handbók um skólaráð. Farið yfir helstu hlutverk skólaráðsins og starfsreglur. Fastir fundir voru ákveðnir á eftirfarandi dögum: 13. janúar, 25. febrúar, 20. apríl og 18. maí 2021. Óvíst er hvort hægt verður að halda opinn fund þetta skólaárið, vegna Covid.

Ákveðið að á síðasta fundi vetrarins verði mat á vetrarstarfi ráðsins.

2. Lausar kennslustofur. Staðan er sú að stofurnar eru komnar í grenndarkynningu sem stendur yfir til 17. desember. Þá er hægt að gefa út byggingarleyfi og vonandi hefjast handa við breytingar á stofunum í janúar. Í stærra húsinu er gert ráð fyrir hefðbundinni kennslustofu, aðstöðu fyrir skólasel, sérkennsluástöðu og kaffistofu fyrir starfsfólk.

Í minna húsinu er ráðgert að hafa tvær stofur fyrir tónlistarkennslu. Í millibyggingunni sem tengir stofurnar við Nýja skóla verða sett upp tvö salerni, annað með aðgengi fyrir fatlaða.

3. Ytra mat grunnskóladeildar. Úttektaraðilar frá MMS tóku út grunnskóladeildina dagana 14. -15. september. Skýrsla lá fyrir um úttektina í lok október og ber skólanum að skila útbótaáætlun 15. janúar. Allir hagsmunaaðilar hafa fengið kynningu á helstu niðurstöðum.
4. Heilsueflandi grunnskóli/leikskóli. Þeir þættir sem verða til skoðunar í vetur eru *Heimili* í grunnskóladeild og *Fjölskyldan* í leikskóladeild. Vinna vetrarins í þeim málum eru í startholunum á báðum deildum.

Þórunn Hrund Óladóttir